



29. september 2005

## Þjóðarbúskapurinn í fimmtíu ár

Þjóðhagsskýrsla fjármálaráðuneytisins, **Þjóðarbúskapurinn**, verður gefin út mánudaginn 3. október 2005. Í því samhengi má geta þess að þjóðhagsskýrsla með þessu nafni skipar veglegan sess í opinberri þjóðhagsskýrslugerð á Íslandi. Framkvæmdabanki Íslands hóf að gefa út skýrsluna **Úr þjóðarbúskapnum** árið 1955 og stóð sú útgáfa fram til ársins 1966. Árið 1972 hóf hagrannsóknardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins að gefa út ritið **Þjóðarbúskapurinn** og varði sú útgáfa til ársins 1974, þar til Þjóðhagsstofnun var sett á laggimar og tók við útgáfu þess. Jafnframt gaf stofnunin út ritröðina **Úr þjóðarbúskapnum** sem hafði að geyma greinar um efnahagsmál. Útgáfa þessara rita stóð til ársins 2001, þegar efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins tók við þjóðhagsstarfsemi Þjóðhagsstofnunar. Hið nýja hefti af ritinu **Þjóðarbúskapurinn** markar því að hálf öld er liðin frá því að þjóðhagsskýrsla með þessu nafni var fyrst gefin út.

Upphaf íslenskrar þjóðhagsskýrslugerðar er líklega **Skýrsla um Landshagi** sem Jón Sigurðsson ritstýrði árin 1858 til 1875 og Hið íslenska bókmenntafélag í Kaupmannahöfn gaf út. Þær skýrslur höfðu að geyma margvíslegar tölulegar upplýsingar um land og þjóð, en sérstæða þeirra fólst í skrifum Jóns um landsins gagn og nauðsynjar. Hagsskýrslugerð Íslendinga á sér mun lengri sögu. Til dæmis er vitað að Gissur Ísleifsson, biskup á Skálholti, lét skrá bændur á landinu árið 1100. Aðrar hagsskýrslur voru einnig skrðar fyrir á öldum, en margar þeirra munu glataðar. Árin 1896 til 1907 var gefin út **Landhagsskýrsla** sem hafði að geyma margvíslegar hagstölur. Frá 1914 hefur Hagstofa Íslands séð um opinbera hagsskýrslugerð.

Munurinn á hagsskýrslu- og þjóðhagsskýrslugerð felst í því að hagsskýrslur hafa að geyma upplýsingar um flesta þætti efnahagslífsins og skipa skilgreiningar og mælingaaðferðir hagtalna þar höfuðhlutverki. Í þjóðhagsskýrslum er birt greining á þróun efnahagslífsins á grundvelli hagtalna og hagfræðikenningsa. Þjóðhagsskýrslugerðin miðast við að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði hagstjórnar og byggir sú vinna á greiningu og kerfisbundinni meðferð haggagna í þjóðhagsskýrslum þar sem spáð er fyrir um líklega framvindu efnahagslífsins, einnig á grundvelli aðgerða í hagstjórn. Í þjóðhagsskýrslugerð nútímans er að finna tvær megináherslur almennrar hagstjórnar, sem hvoru-veggja hafa áhrif á efnahagslífið, en það eru fjármál ríkissjóðs og peningamál seðlabanka. Nútíma þjóðhagsskýrslur fjalla einnig um langtímaáhrif skipulagsbreytinga á hagvöxt. Í nýju hefti af ritinu **Þjóðarbúskapurinn** greinir fjármálaráðuneytið frá þjóðhagsspá fyrir árin 2005 til 2010. Þar er einnig fjallað um m.a. svigrúm ríkisfjármála í hagsveiflunni.

Á þessum tímamótum þykir víðeigandi að þjóðhagsskýrslan **Þjóðarbúskapurinn** sé gefin út í nýjum bündingi á prenti og vef ráðuneytisins.

## Afkoma ríkissjóðs 2004

**Afkoma með og án tilfallandi liða.** Ríkissjóður var rekinn með tveggja milljarða króna afgangi á síðasta ári samkvæmt niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir árið 2004 samanborið við 6,1 milljarðs króna halla árið áður. Þegar afkoman er skoðuð án tilfallandi liða eins og eignasölu, lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna er afgangur um 23 milljarðar á meðan halli ársins á undan nam rúmum 1 milljarði króna á sama grunni. Ástæða þess að greint er á milli þessara tveggja afkomuskilgreininga er að þessir liðir valda miklum sveiflum í afkomu ríkissjóðs án þess að vera tengdir venjubundnum rekstri eða beinum útgjaldaákvörðunum. Stærstu frávikin koma fram á tveimur liðum. Annars vegar eru tekjur af sölu eigna sem í uppgjöri ársins voru óverulegar samanborið við 11 milljarða tekjur árið á undan. Hins vegar er gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga sem erfitt getur verið að átta fyrirfram. Sú tala ræðst annars vegar af launahækkunum viðmiðunarstétta sjóðfélaga og hins vegar af breyttum tryggingafræðilegum forsendum eins á við í ár þar sem skuldbindingar hækka um 8 milljarða vegna

breyttra forsenda um lífslíkur. Fjármálaráðherra tók fyrir nokkrum árum ákvörðun um að hefja greiðslur sérstakra innborgana til lífeyrissjóðanna til að þeir væru betur í stakk búinir til að takast á við framtíðarskuldbindingar sínar og koma í veg fyrir að fari eins og á horfði að eignir sjóðanna yrðu uppnar eftir tíu ár og greiðslur lífeyris falli með fullum þunga á ríkissjóð. Uppsöfnuð staða þessara sérstöku innborgana nam í árslok 2004 tæplega 80 milljörðum með vöxtum og verðbótum og er nú svo komið að ávöxtun innborgana er farin að vega upp á móti kostnaði sjóðsins af almennum réttindaávinningi og dregur jafnframt úr þeim sveiflum sem verða á afkomu ríkissjóðs þeirra vegna

**Lánsfjárfjöfnuður.** Rekstur ríkissjóðs skilaði 11 milljarða króna lánsfjárfangangi umfram 9,6 milljarða fyrirframgreiðslur til lífeyrissjóða ríkisstarmanna. Ríkissjóður nýtti lánsfjárfangang ársins til að greiða niður langtímaskuldir og var staða tekinn lána ríkissjóðs 253 milljarðar króna í lok árs samanborið við 277 milljarða árið á undan. Hlutfall lána af landsframleiðslu var 28,6%, lækkaði um 5,6 prósentustig á árinu. Sambærileg tala í lok árs 1999 var 41,2%.

**Tekjur ríkissjóðs.** Tekjur ársins urðu 302 milljarðar króna en það er 34,2% af landsframleiðslu samanborið við 33,8% árið á undan. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu eru um 131 milljarðar króna eða nær helmingur heildartekna. Tekjuaukningin endurspeglar góða afkomu þjóðarbúsins og aukinn kaupmátt.

**Gjöld ríkissjóðs.** Gjöld ársins voru 300 milljarðar króna en það er 33,9% af landsframleiðslu samanborið við 34,6% árið 2003. Heilbrigðismál, almennatryggingar og velferðarmál eru sem fyrr stærsti útgjaldaliður ríkisins og var 142 milljörðum króna varið til þeirra og fellur tæplega helmingur útgjalda ríkisins til þessara málaflokka. Þá voru vaxtagjöld 14,2 milljarðar og lækka um 7,2% frá fyrra ári. Hlutdeild vaxtagjalda af útgjöldum ríkisins nam á síðasta ári 4,7% samanborið við 7,7% árið 1999 og hefur hlutfall þeirra því lækkað um 3 prósentustig á síðustu fimm árum, en það jafngildir um 9 milljarða króna lækun vaxtagjalda á ári.

[Sjá nánar fréttatilkynningu nr. 14/2005.](#)

## Aflagðir skattar

Óháð mismundandi afstöðu stjórnmalaflokka á hverjum tíma til umfangs opinbers rekstrar er ljóst að kostnaður við starfsemi hins opinbera er fyrst og fremst borinn uppi af skatttekjum. Samkvæmt samræmdri alþjóðlegri framsetningu eru meginflokkar skatttekna:

1. Skattar á tekjur og hagnað
2. Tryggingagjöld
3. Skattar á launagreiðslur og vinnuafli
4. Eignarskattar
5. Skattar á vörur og þjónustu
6. Aðrir skattar

Skilningur á hagrænum áhrifum bæði einstakra skatta og skattahlutfalla hefur farið vaxandi og hefur það víða leitt til kerfisbreytinga. Í þessu sambandi má rifja upp að frá árinu 1991 hafa ákvarðanir verið teknar um afnám allmargra skatta hér á landi. Meðal þessara skatta eru :

- Aðstöðugjald (veltuskattur á fyrirtæki)
- Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði
- Sérstakur tekjuskattur (hátekjuskattur)
- Sérstakur eignarskattur
- Eignarskattur

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	12,7	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	11,7	15,2
Tryggingagjöld	10,5	16,2
Eignarskattar	18,4	49,8
Veltuskattar	13,7	19,1
Tekjur alls	2,0	23,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	5,9	1,8
Félagsmál	15,6	7,8
Atvinnumál	4,9	-1,1
Vaxtagjöld	-13,5	58,0
Önnur útgjöld	-1,4	13,7
Gjöld alls	10,0	9,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M. kr.	2004	2005
Handbert fé frá rekstri	-16.005	4.596
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-14.165	15.802
Arborgun lána	-29.142	-33.343
Br. lánsfjárfjöfnuður	-47.683	-19.790
Lántokur	39.386	13.305
Greiðsluafkoma	-8.296	-6.486

Ýmsar hagstölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - september	3,4	4,8
Kjarnaverðb. I - september	2,8	4,8
Launavísitala - ágúst	5,2	6,7
Heildarvelta janúar - júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar - júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - ágúst	2,9	1,8